

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 107/2011**

2011/EES/65/14

frá 30. september 2011

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 263/2011 frá 17. mars 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) að því er varðar ítarlega gagnaöflun fyrir viðhengi um hreinar félagslegar bætur í evrópsku kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18uc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 110/2011) í XXI. viðauka við samninginn:

„18ud. **32011 R 0263**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 263/2011 frá 17. mars 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) að því er varðar ítarlega gagnaöflun fyrir viðhengi um hreinar félagslegar bætur í evrópsku kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (Stjtið. ESB L 71, 18.3.2011, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 263/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 61, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 77.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 71, 18.3.2011, bls. 4.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.